

23.stjórnarfundur Kraftlyftingasambandsins var haldinn á skrifstofu sambandsins 9.janúar 2012 og hófst klukkan 19.30. Mætt voru: Sigurjón, Guðjón, Auðunn og Gry.

Þetta gerðist:

1) Fundargerð síðasta fundar samþykkt

2) Nýr sambandsaðili.

Erindi hefur borist frá UMSB þar sem óskað er eftir aðild Lyftinga- og líkamsræktardeildar Skallagríms að KRAFT. Stjórnin samþykkir aðild.

Aðgerð: **Gry** sendir svar til UMSB. **Guðjón** hefur samband við Hrönn Jónsdóttur, framkv.stj. UMSB varðandi skráningu félagsmanna í Felix. **Auðunn** talar við forsvarsmenn deildarinnar um starfið framundan.

3) Landsliðsmál

Aðgerð: **Guðjón** og **Auðunn** gera tillögu um úrtakslágmörk í landsliðshóp og leggja fyrir næsta stjórnarfund.

4) Fundur með Dietmar Wolf.

Stjórnin mun hitta landsliðsþjálfara Noregs föstudaginn 20.janúar nk.

Aðgerð: **Gry** undirbýr fundinn

5) Kraftlyftingafélag ársins 2011 – UMFN Massi

Viðurkenning verður afhent í tengslum við ÍM í bekkpressu.

Aðgerð: **Birgir** græjar bikarinn

6) Reglur um mótahald

Stjórnin heldur áfram að vinna í endurskoðun reglna um mótahald.

Aðgerð: vinnuskjalið er aðgengilegt í dropbox, stjórnarmenn vinna áfram

7) Lagabreyting

Stjórnin ákvað að gera tillögu að breytingu á orðalagi í 10.grein IV kafla í lögum KRAFT til samræmis við ný lög ÍSÍ:

..... *Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir sérsambandsþing, skal senda héraðssamböndum/íþróttabandalögum með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara.*

BREYTIST Í:

... *Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir sérsambandsþing, skal senda þeim aðilum sem eiga rétt á fulltrúa/fulltrúum á þingið með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara.*

Aðgerð: tillagan verður lögð fyrir á Kraftlyftingaþingi. **Gry** lætur hana fylgja með síðara fundarboði

8) Agamál

Komið hefur í ljós að agabrotið sem stjórnin fjallaði um á síðasta fundi hefur hliðar sem þá voru óþekktar.

Aðgerð: **Sigurjón** og **Guðjón** funda með málsaðilum áður en stjórnin tekur endanlega ákvörðun um viðbrögð.

9) Önnur mál

- **Gry** upplýsti að niðurstöður hafa borist frá lyfjaeftirlitinu. Öll sýni tekin á árinu voru neikvæð
- **Sigurjón** upplýsti að hann hafði setið fund formanna sérsambanda með menntamálaráðherra.

Fundi slitið kl. 22.15

Fundaritari: Gry Ek